



Þekkingarnet
Þingeyinga

STEFNUMÓTUN Í ÖLDRUNARÞJÓNUSTU Í ÞINGEYJARSÝSLUM

JÚNÍ 2012

0. Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framtíðarsýn, gildi og aðaláherslur	4
Málefni aldraðra – grunnþjónusta.....	5
Stöðumat á grunnþjónustu	6
Umbótaverkefni – tillögur	8
Viðauki A- styrkleikar og veikleikar öldrunarþjónustu	12
Viðauki B – Úr lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra	13

1. Inngangur

Stefnumótun þessi er unnin að frumkvæði Hvamms og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Þekkingarnet Þingeyinga var fengið til þess að stýra verkefninu. Tilgangur stefnumótunarinnar er að samþætta þær starfseiningar sem eru að sinna málefnum aldraðra í Þingeyjarsýslum auk þess að vera grunnur sem sveitarstjórnir á svæðinu geta nýtt þegar kemur að yfirfærslu málefna aldraðra til sveitarfélaganna. Að lokum standa vonir til þess að vinnan nýtist til að bæta þá þjónustu sem er veitt á þessu sviði í dag.

Grunnur að stefnumótuninni var unninn á stefnumótunarfundi í Hvammi þann 23. mars, þar sem saman voru komnir fulltrúar sveitarfélaganna, félagsþjónustu, heilbrigðisstofnunar, dvalarheimila og aldraðra, alls um 30 manns. Allir sem tóku þátt í þeim fundi fengu svo úrvinnslu fundarins eða drög að stefnumótun til yfirferðar og tækifæri til þess að koma með frekari athugasemdir og innlegg í kjölfarið. Einnig var haldinn smærri rýnifundur þann 23. maí með fulltrúum sveitarfélaganna, Félagþjónustu Norðurbings, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Hvamms þar sem rýnt var í drögin, efnið betrubætt, mikilvæg málefni rædd og komið með tillögur um úrbótaverkefni. Að lokum fékk rýnihópurinn lokadrög til yfirlestrar og athugasemda.

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 voru höfð til hliðsjónar í vinnslu stefnumótunarinnar, en þar segir meðal annars:

„Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf.

Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.“

Málefni aldraðra er gríðarlega víðfeðmur málaflokkur og erfitt að gera góð skil á öllum þáttum hans ef miðað er við tíma og fjármagn sem áætlað var til verksins. Því má segja að hér sé um einfalt plagg að ræða sem fjallar um þau mál sem blasa við á yfirborðinu, en ekki hefur verið kafað djúpt í einstök mál eins og sjá má á stöðumatinu svo dæmi sé tekið. Það efni sem hér fer eftir er niðurstaða þeirrar vinnu sem fór fram á stefnumótunarfundi, rýnifundi auk athugasemda sem komu fram við úrvinnslu og yfirlestur gagna.

Stefnumótunin er sett fram með eftirfarandi hætti:

- Framtíðarsýn, gildi og aðaláherslur eru tilgreind.
- Grunnþjónusta yfir málefni aldraðra listuð upp.
- Gróft stöðumat á núverandi grunnþjónustu.
- Úrbótaverkefni tilgreind.

2. Framtíðarsýn, gildi og aðaláherslur

Öldrunarþjónusta í Þingeyjarsýslum er fyrst og fremst ætlað að uppfylla þarfir aldraðra á svæðinu fyrir víðtæka þjónustu. Almenn mannréttindi ásamt lögum þeim sem gilda um málefni aldraðra eru leiðarljós í skipulagi þjónustunnar.

Þjónustan verður skipulögð með það að markmiði að hún tryggji velferð eldri borgara á svæðinu og geri þeim kleift að viðhalda sjálfstæði og reisu á efri árum. Hún á að vera örugg, stuðla að auknum lífsgæðum, auðvelda daglegt líf og gefa kost á félagslegri virkni.

A. Aukin lífsgæði

- Líkamleg og andleg heilsa og vellíðan
- Trygg þjónusta sem uppfyllir grunnþarfir óháð búsetu
- Einstaklingsbundin þjónusta
- Öflugt stoðnet

B. Auðveldara líf

- Greiður aðgangur að þjónustu
- Vitneskja um þá þjónustu sem er í boði
- Samþætting á starfsemi þjónustuaðila
- Samvinna á milli þjónustuaðila, aðstandenda og aldraðra

C. Öryggi

- Áreiðanleiki í þjónustunni
- Gæðastaðlar og skýr ferli
- Skipulagt öryggisnet
- Upplýsingar og fræðsla
- Búseta og fjárhagur

D. Reisu og sjálfstæði

- Geta búið lengur heima – sjálfstæð búseta
- Heilsuefling og ábyrgð á eigin lífi
- Markvisst forvarnarstarf
- Traust stoðkerfi

E. Félagsleg virkni

- Skipulagt félags-, íþrótt- og tómstundastarf við hæfi
- Tryggt aðgengi að skipulögðu félags-, íþrótt- og tómstundastarfi
- Félag eldri borgara
- Afþreying, almennt félags- og menningarlíf

3. Málefni aldraðra – grunnþjónusta

- A. Húsnæðismál
 - Eigið húsnæði
 - Almennt íbúðarhúsnæði
 - Þjónustuíbúðir
 - Sjálfstæð búseta
 - Dvalarheimili/sambýli
 - Hjúkrunarrými
 - Dvalarheimili
 - Sjúkrahús
 - Skammtí mavistun
 - Endurhæfingarrými
 - Hvíldarinnlagnir
- B. Heilbrigðismál
 - Heilsugæsla
 - Forvarnir og fræðsla
 - Læknishjálp
 - Heimahjúkrun
 - Sjúkraþjálfun
 - Iðjuþjálfun
 - Endurhæfingarstofnanir
 - Skammtí mavistanir
 - Sjúkrahús
 - Lyf
 - Aðgengi að þjónustu
- C. Félagsþjónusta
 - Dagvist/þjónustumiðstöðvar
 - Félagsleg heimaþjónusta
 - Heimsending matar
 - Tómsunda- og félagsstarf
 - Forvarnir og fræðsla
 - Almenn þjónusta og ráðgjöf
 - Aðgengi að þjónustu
- D. Stjórnsýsla
 - Sveitarfélög
 - Félagsþjónusta
 - Búsetumál
 - Þjónustuhópur aldraðra
 - Öldunganefnd/öldrunarráð
 - Fjárveiting
 - Ríkið/almannatryggingar
 - Sjúkrahús
 - Heilsugæsla
 - Læknishjálp
 - Hjúkrunarþjónusta
 - Lyf
 - Þjálfun
 - Framfærsla
 - Fjárveiting

4. Stöðumat á grunnþjónustu

Samkvæmt mannfjöldaspám mun öldruðum fjölga á næstu árum og áratugum. Með fjölgun aldraðra er mikilvægt grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að stuðla að heilbrigði og vellíðan þeirra auk þess að efla lífsgæði. Hafa verður í huga að aldraðir er ekki einsleitur hópur. Þeir spanna aldursbilið frá 67 ára og upp úr ásamt því að hafa afar mismundandi og fjölbreyttar þarfir sem horfa verður til.

A. Húsnæðismál

Dvalarheimili er á Húsavík, Kópaskeri og Þórshöfn. Þjónustuíbúðir eru á Húsavík.

- Dvalar- og hjúkrunarrými: Fjölga þarf dvalar- og hjúkrunarplássu í Þingeyjarsýslum ef sveitarfélögin á svæðinu eiga að uppfylla lögbundið hlutverk sitt hvað varðandi nauðsynlega stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Dvalar- og hjúkrunarrými hér á svæðinu eru undir landsmeðaltali ef litið er til íbúa- og aldurssamsetningar á svæðinu.
- Þjónustuíbúðir: Skortur er á þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara á Húsavík.
- Viðeigandi dvalarúrræði: Vistunarúrræði eru ekki alltaf þau réttu ef litið er til heilsu og getu þeirra sem þurfa á dvalarrými að halda. Nauðsynlegt er að betrubæta vinnulag og verklagsreglur í kringum heimilisfólk með tilliti til heilsu og getu. Auk þess þarf að kanna möguleika á að fjölga eins manns herbergjum ásamt hvíldar- og endurhæfingarplássu.

B. Heilbrigðismál

Almenn heilbrigðisþjónusta virðist vera ásættanleg miðað við fjárveitingar ríkisvaldsins. Öll grunnþjónusta er í boði á svæðinu, en aðgengi misjafnt eftir búsetu. Þó ber að hafa í huga að komi til frekari niðurskurðar til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, mun það vega að gæðum og umfangi þjónustu til aldraðra (auk annarra íbúa). Auk þess mun félagsleg þjónusta til aldraðra skerðast ef sveitarfélögin draga meira úr fjárframlögum til félagsþjónustu og þeirra málefna er varða aldraða. Eftirfarandi þarf að kanna sérstaklega:

- Aðgengi aldraðra sem búa á jaðarsvæðum, t.d. Þórshöfn, að sérfræðiþjónustu.
- Aðgengi aldraðra sem eru búsettir í dreifbýli að grunnþjónustu vegna fjarlægðar frá þjónustunni, t.d. heimaaðhlyningu og dagvistun (hæft starfsfólk+samgöngur+kostnaður).
- Kostnaður við að uppfylla lögbundna þjónustu í dreifðum byggðum (samgöngur og stöðugildi á ferðinni).
- Hæft starfsfólk og samsetning fagfólks ef horft er til grundvallarþjónustu, starfstöðva, dreifbýlis og jaðarsvæða.
- Öryggi í þjónustu og gæði þjónustu.
- Forvarnir, fræðsla og upplýsingagjöf.
- Flutningur á ábyrgð á málaflokki aldraðra yfir til sveitarfélaga.

C. Félagsþjónusta

Almenn lögbundin félagþjónusta virðist vera í góðu lagi í samanburði við fjölmörg önnur svæði á Íslandi. Eins og heilbrigðismálin, þá er öll grunnþjónusta í boði en misjafnt aðgengi eftir búsetu. Einnig ber að hafa í huga að komi til niðurskurðar sveitarfélaga til félagslegrar þjónustu þá mun það veða að gæðum og umfangi þjónustu til aldraðra. Eftirfarandi þarf að kanna sérstaklega:

- Aðgengi aldraðra sem búa í dreifbýli að grunnþjónustu, t.d. heitum máltíðum, heimaþjónustu, þjónustustöðvum (tómstunda- og félagsstarf) sbr.13.gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra (samgöngur+kostnaður+þjónustuaðili).
- Hæft starfsfólk og samsetning fagfólks ef horft er til grundvallarþjónustu, starfstöðva, dreifbýlis og jaðarsvæða.
- Kostnaður við að uppfylla lögbundna þjónustu í dreifðum byggðum (samgöngur og stöðugildi á ferðinni).
- Flutningur á ábyrgð ríkis í málaflokki um málefni aldraðra yfir til sveitarfélaga.
- Öryggi í þjónustu og gæði þjónustu.
- Forvarnir, fræðsla og upplýsingagjöf.
- Ráðgjafi eða ferlistjóri sem hefur yfirsýn yfir öll málefni aldraðra.

D. Stjórnsýsla

a. Sveitarfélög

Félagsþjónusta Þingeyinga fer með hluta af lögbundinni þjónustu sveitarfélaga við aldraða. Sveitarfélögin á svæðinu, hvert um sig, hafa einnig ákveðna þætti á sinni könnu t.d. tómstundastarf, heimaþjónustu (með samvinnu við Félagsþjónustu Norðurlands), og heimsendingar matar. Hvammur og Naust eru með dagvist, þjónustuíbúðir og hjúkrunarrými. Eftirfarandi þarf að kanna:

- Samþættingu þjónustu á milli HP, FP og sveitarfélaganna.
- Þjónustuhópur aldraðra – er hann starfræktur á starfssvæði HP sbr. ákvæði í lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, II kafli, 6., 7., og 8. gr. (sjá viðauka).
- Öldungaráð eða Öldrunarnefnd sbr. æskulýðsnefndir sveitarfélaga.
- Skipulagt félags-, íþrótt og tómstundastarf fyrir aldraða.
- Fjárveitingar til málaflokks um málefni aldraðra.
- Sameiningu eða samvinnu stofnana eða þjónustu?

b. Ríkið

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ber ábyrgð á heilsugæslu og sjúkrahúsi fyrir svæðið skv. fjárframlögum ríkisins. Þjónustustöðvar Heilbrigðisstofnunarinnar eru staðsettar á Húsavík, Kópaskeri, Laugum, Raufarhöfn, Reykjahlíð og Þórshöfn. Lyfjasala er starfrækt á Húsavík að hálfu Lyfju hf. auk þess starfrækir Lyfja einnig lyfsölu á Kópaskeri, Mývatnssveit, Raufarhöfn og Þórshöfn í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Eftirfarandi þarf að kanna:

- Samþættingu þjónustu á milli HP, FP og sveitarfélaganna
- Kostnað við að bæta eða tryggja aðgengi íbúa á jaðarsvæðum og í dreifbýli að grundvallarþjónustu.
- Fjárveitingar ríkis til að fjölga hjúkrunarrýmum í Þingeyjarsýslum svo hægt sé að sinna lögbundinni þjónustu
- Fjárveitingar ríkis og sveitarfélaga til að fjölga þjónustuíbúðum.
- Sameiningu eða samvinnu stofnana og þjónustu?

5. Umbótaverkefni - tillögur

Þegar tillögur um úrbótaverkefni voru settar fram var horft til a) laga um málefni aldraðra; b) framtíðarsýnar, gilda og aðaláherslna; c) grunnþjónustu á svæðinu og d) grófs stöðumats. Til nánari útskýringar var t.d. skoðað hvort sveitarfélögin væru að uppfylla alla þjónustu sem tilgreind er í lögnum. Einnig var rýnt í gildin og aðaláherslur og lagt mat á hvort sú þjónusta sem er til staðar í dag uppfyllir það sem þar er sett fram og svo settar fram tillögur um verkefni eða aðgerðir sem talið er að muni bæta núverandi stöðu.

A. Húsnæðismál

- **Fjölga þarf dvalar- og hjúkrunarrýmum** til þess að sveitarfélögin uppfylli lögbundið þjónustuhlutverk sitt með því að geta tryggt öldruðum nauðsynlega stofnanarþjónustu þegar hennar er þörf. Mat á þörf fyrir aukið dvalar- og hjúkrunarrými liggur fyrir. Tryggja þarf fjárveitingu frá ríkisvaldinu til þess að stofnanirnar geti sinnt lögbundinni þjónustu. *(Styður við lið A-aukin lífsgæði og C-öryggi.)*
- **Fjölga þarf þjónustuíbúðum á svæðinu** til þess að anna eftirspurn og til þess að stuðla að því að aldraðir geti eins lengi og unnt er búið við eðlilegt heimilislíf. Nauðsynlegt er að framkvæma þarfagreiningu sem metur framtíðarþörf til skamms og langs tíma. *(Styður við lið C-öryggi og D-reisn og sjálfstæði.)*
- **Skipuleggja húsnæðismál** þannig að framtíðinni þurfi einstaklingar í hjúkrunarrými ekki að deila herbergi með öðrum. *(Styður við lið A-aukin lífsgæði)*

B. Samþætting og/eða samnýting þjónustu Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Hvamms og NAUST um dvalar- og hjúkrunarrými auk dagvistunar og tómskundastarfs.

- **Útbúa þarf verklagsreglu/feril** sem tekur á þeim vanda sem skapast þegar þjónustubörf vistmanna breytist hvort sem er líkamlega eða félagslega og nauðsynlegt er að færa einstakling á milli stofnana eða innan stofnunar. Verklagsreglan þarf að innihalda:
 - Flokkun vistmanna eftir getu og þörf fyrir þjónustu. Lýsing á ferli við mat.
 - Lýsing á ferli varðandi samskipti við vistmann og aðstandendur í upphafi vistar og við breytingar.
 - Vistunarsamning sem undirritaður er af vistmanni og nánasta aðstandanda, þar sem tilgreindar eru breytingar geta átt sér stað varðandi vistmann ef þörf hans fyrir þjónustu breytist.

(Styður við A-lífsgæði, B-Auðveldara líf, C-reisn og sjálfstæði og E-félagslega virkni)

- **Ryðja þarf úr vegi „kerfis-hindrunum“** á milli stofnana t.d. Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Hvamms og NAUST með það að leiðarljósi að hægt sé að flytja vistmenn á milli stofnana til þess að sem best nýting sé á þeirri þjónustu sem er í boði miðað við getu og þjónustubörf vistmanna. Setja af stað vinnuhóp með fulltrúum allra stofnana til þess að finna leiðir.

(Styður við A-lífsgæði, B-Auðveldara líf, C-reisn og sjálfstæði og E-félagslega virkni)

- C. **Þjónustuhópur aldraðra.** Sveitarfélögin þurfa að setja á laggirnar sameiginlegan þjónustuhóp aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Tilgreint er í kafla II um stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarmála að í hverju heilsugæsluumdæmi skuli starfa þjónustuhópur aldraðra sjá 6.-8.gr. (einnig í viðauka B). Hlutverk þjónustuhóps er:
- Að fylgjast með heilsufari og félaglegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
 - Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
 - Að leitast við að tryggja að aldraðir fá þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru. *(Styður við A, B, C, D og E.)*
- D. **Öldunganefnd.** Að innan sveitarfélaganna á svæðinu starfi „öldunganefnd“ eða „öldrunarráð“ sem skipað er fulltrúum eldri borgara (sbr. ungmennaráð). Útfæra þarf hlutverk nefndanna, en þær skulu m.a. tryggja að aldraðir hafi rödd er varðar framboð á þjónustu sveitarfélaganna í málefnum aldraðra og geti komi með tillögur um framkvæmd og aðgengi. *(Styður við A-aukin lífsgæði og E-félagsleg virkni.)*
- E. **Aukin fagþjónusta.** Gera þarfagreiningu fyrir aukna fagþjónustu á svæðinu, uppfyllir núverandi þjónusta grunnþarfir? Mætti bæta t.d. komu sérfræðilækna á Þórshöfn, að hafa iðjupjálfa starfandi í Hvammi, að hafa sérstakan þjónustufulltrúa sem fer með málefni aldraðra þvert á allar stofnanir? *(Styður við A-aukin lífsgæði, B-auðveldara líf og C-öryggi.)*
- F. **Efling samstarfs, samþætting þjónustu/aukin samvinna eða sameining?** Setja af stað samráðshóp sem kortleggur alla snertifleti í þjónustu stofnana og sveitarfélaga sem snerta málefni aldraðra á svæðinu. Skilgreina þarf hvaða málefni það eru sem krefjast samvinnu og samþættingar og hvort þörf er á sérstökum aðgerðum sem leiðir til bættrar þjónustu við einstaklinga. Leiðarljós í vinnunni verði þau gildi og áherslur sem sett hafa verið fram í stefnumótuninni. Þetta á við eftirfarandi einingar:
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (sjúkrahús og heilsugæsla).
 - Félagþjónusta Norðurþings.
 - Þjónustubættir á vegum sveitarfélaganna.
 - Almennatryggingar (umboðsmaður hjá sýslumanni –samvinna, upplýsingaflæði).
 - Dvalar- og hjúkrunarheimili (Hvammur og Naust).
 - Dagvistun, tómsunda- og íþróttastarf.
 - Endurhæfingarstofnanir.
 - Félagasamtök (t.d. félag eldri borgara, kvenfélögin, RKÍ).
- Mikilvægt atriði í þessari vinnu er að meta gildi smærri og þ.a.l. óhagkvæmari rekstrareininga og kanna hvernig samþætting og samvinna/sameining getur tryggt stoðir þeirra og jafnvel bætt þjónustu í heild á svæðinu. *(Styður við A-aukin lífsgæði, B-auðveldara líf og C-öryggi.)*
- G. **Sýnileiki og upplýsingaflæði.** Gera þarf átak í kynningu og upplýsingamiðlun varðandi öldrunarþjónustu, t.d. með a) prentuðu efni s.s. blöðungum og bæklingum; b) hafa samræmt efni á heimasíðum sveitarfélaganna og stofnananna sem veita þjónustu til aldraðra þar sem er yfirlit yfir alla þjónustubætti og hvar þeir eru aðgengilegir; c) standa fyrir kynningar- og fræðslufundum; d) hafa opið hús t.d. í Hvammi og Naust þar sem starfsemin er kynnt; e) hafa þjónustufulltrúa, ráðgjafa eða ferlisstjóra sem hefur yfirumsjón með framangreindu. *(Styður við C-öryggi og D-reisn og sjálfstæði.)*

- H. Efling sérþekkingar.** Byggja markvisst upp frekari þekkingu á málaflokki aldraðra innan Félagsþjónustu Norðurlands svo hægt verði að hafa yfirsýn yfir sem flest málefni aldraðra (sjá einnig lið I og J). *(Styður við B-auðveldara líf og C-öryggi.)*
- I. Þjónustustefna.** Félagsþjónusta Norðurlands og/eða sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum móti þjónustustefnu fyrir eldri borgara. *(Styður við A, B, C, D og E.)*
- J. Forvarnir og fræðsla.** Stofna til samstarfs á milli heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar til þess að tryggja að forvörnum og fræðslu verði markvisst sinnt. *(Styður við C-öryggi og D-reisn og sjálfstæði.)*
- K. Ferlisstjóri í málefnum aldraðra.** Í stað þess að vera með sérstakan þjónustufulltrúa (sem þarf að þekkja allt milli himins og jarðar varðandi málefni aldraðra) verði starfandi ferlisstjóri t.d. hjá Félagsþjónustu Þingeyinga sem vinnur þvert á allar stofnanir sem sinna málefnum aldraðra og kortleggur upplýsingaflæði og boðleiðir varðandi þjónustu við aldraða er tengjast málefnum eins og tómsundum, dagvist, búsetumálum, vistunarmati, endurhæfingu, heimaþjónustu, lífeyrismálum o.fl. Ferlisstjórinn ber ábyrgð á að útbúa upplýsinga- og kynningarefni og tryggja að það sé aðgengilegt eldri borgurum og aðstandendum þeirra. *(Styður við A, B, C, D og E.)*
- L. Samgöngur/aðgengi að þjónustu og veitt þjónusta.** Setja af stað vinnuhóp sem fjallar um hvort og þá hvernig er hægt að bæta aðgengi í dreifðum byggðum og jaðarbyggðum að nauðsynlegri þjónustu sbr. skilgreiningu í lögum málefni aldraðra (sjá kafla um opna öldrunarþjónustu í viðauka B) þannig að kostnaður við samgöngur og tími sem fer í samgöngur sé ásættanlegur fyrir alla aðila: Sveitarfélögin, stofnanir og einstaklinga. *(Styður við A-aukin lífsgæði, B-auðveldara líf, C-öryggi og D-reisn og sjálfstæði.)*
- M. Aðgengi í heitar máltíðir/heimsending.** Þessi liður er að mörgu leyti tengdur umfjöllun lið K um samgöngur og ætti að fjalla um hann þar. *(Styður við A-aukin lífsgæði, B-auðveldara líf, C-öryggi og D-reisn og sjálfstæði.)*
- N. Efla tómsundastarf aldraðra.** Skipulagt tómsundastarf er mikilvægt fyrir þennan hóp ekki síður en aðra hópa. Í tómsundastarfi getur einstaklingurinn fullnægt félagslegum og andlegum þörfum sínum og minni hætta er á félagslegri einangrun taki fólk þátt í þeim. Sveitarfélögin bera hvert um sig ábyrgð á þessum þætti og er honum misjafnlega sinnt. Leita þarf eftir samstarfi við félag eldri borgara, góðgerðar og líknarsamtök á svæðinu, sem aðallega hafa sinnt þessum málaflokki, til að koma á fót öflugri tómsundariðju fyrir aldurshópinn (ekki síst yngri-eldri). *(Styður við E-félagslega virkni.)*
- O. Heilsueflandi heimsóknir.** Félagsþjónustan og heilsugæslan komi á heilsueflandi heimsóknum fyrir þá einstaklinga sem orðnir eru 75 ára og eldri og njóti hvorki heimahjúkrunar né félagslegrar heimaþjónustu. Slíkum heimsóknum væri ætlað að stuðla öryggiskennd og vellíðan á heimilinu eins lengi og mögulegt er sem og að hvetja og styrkja einstaklinginn til að viðhalda færni sinni sem lengst þannig að hann gæti búið heima eins lengi og vilji hans stendur til. *(Styður við D-reisn og sjálfstæði.)*

- P. **Skipulagt öryggisnet** og „share the care“. Hægt er að koma á laggirnar einstaklingsmiðuðu öryggisneti til þess að tryggja öryggi í þjónustu, koma í veg fyrir félagslega einangrun og bæta vellíðan eldri borgara sem þurfa aðstoð við daglegt líf. Þetta á við hvort sem þeir búa í eigin húsnæði, í þjónustuíbúðum eða á dvalarheimili. Skipulagða öryggisnetið er grunnur að samvinnu aðstandenda, fagaðila og félagasamtaka (t.d. heimsóknarvini RKÍ) sem hefur það að markmiði að allir vinni skipulega að því að uppfylla mismunandi þarfir þess sem öryggisnetið er sniðið fyrir. (Fyrirmyndin er sótt í aðferð sem kölluð er á ensku „share the care“ og Kristín Thorberg hjá NAUST þekkir til.) Setja af stað teymi sem myndi ákveða hvernig þessari vinnu er best háttað. Byrja smátt og sjá hvernig gengur. Upphaf skipulagðs öryggisnets gæti sprottið út frá þjónustu eins og heimþjónustu, heimahlynningu, dagvistun, vistunarsamning. *(Styður við A-aukin lífsgæði og C-öryggi.)*
- Q. **Innra starf.** Þær stofnanir sem bera ábyrgð á þjónustu við aldraða þurfa að tryggja að skipurit, boðleiðir, verklag og ábyrgð sé skýr til þess að tryggja öryggi í þjónustu við eldri borgara. Einnig að hafa starfandi hæft starfsfólks og viðeigandi samsetningu fagfólks. Tryggja áframhaldandi þjálfun og símenntun starfsmanna. *(Styður við C-öryggi.)*
- R. **Fjármál.** Tryggja þarf fjármang frá ríki og sveitarfélögum til þess að uppfylla grundvallarþjónustu. Skilvirk áætlanagerð og skynsamleg nýting á fjármunum, fasteignum og rekstrarfé, er grundvallaratriði. *(Styður við A, B, C, D og E.)*

Til þess að þetta verði að veruleika þarf samstillt átak og samvinnu allra er koma að skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar auk eldri borgara og aðstandenda þeirra. Opin samræða sem stuðlar að því að miðla upplýsingum um þarfir og mögulegar lausnir er lykilatriði.

6. Viðauki A- Styrkleikar og veikleikar öldrunarþjónustu í Þingeyjarsýslum

Styrkleikar	Veikleikar
<p>Góð yfirsýn v.fámennis Mikil samvinna milli stofnana Lítill starfsmannavelta Margt gott starfsfólk Áhersla á notanda þjónustunnar Samheldið samfélag "Fylgst með nágrannanum" HP Hvammur Naust Þjónustuíbúðir Hæft starfsfólk Frumkvæði Nálægð fólks Tengslanet</p>	<p>Þjónustan á margra hendi Svæðið er stórt og dreifbýlt Getur verið erfitt að fá starfsfólk sem hentar Fámenni "Allir vita allt um alla" Takmörkuð þjónusta Óvissa Niðurskurður Samgöngur Veðurfar Nálægðin við fólk Eldra fólki fjölgar Fjárhagur versnar Vantar fólk (til starfa/ungt) Þjónustugjöld hækka Fjarlægð Vegalengdir</p>
Tækifæri	Ógnir
<p>Aukin samþætting Auðveldara aðgengi Notendastýrðari þjónusta Aukin áhrif íbúanna Tækifæri felast í breytingum Kerfið léttara í vöfum Vaðlaheiðargöng</p>	<p>Takmarkað fjármagn Neikvæðni Breytingar vekja ótta Áherslur geta breyst auðveldlega við hverjar kosningar Raddir okkar heyrast ekki</p>

7. Viðauki B— úr lögum um málefni aldraðra nr. 125/199

Þjónustuhópur aldraðra:

6. gr. Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt. Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr. [Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. [Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.]¹⁾ Sveitarstjórnir skipa án tilnefningar tvo fulltrúa sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum ...Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

8. gr. Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldrið fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.

Opin öldrunarþjónusta:

13. gr. Til opinna öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustupörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu ...,¹⁾ sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldrið að leiðarljósi.

2. Þjónustumiðstöðvar aldrið sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagskap, næringu, hreyfingu, tómsundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldrið njóta.

3. Dagvist aldrið sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldrið skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómsundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagvist aldrið fer [skv. 16. gr.]²⁾

4. Þjónustuíbúðir aldrið sem geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldrið hefst ber að afla framkvæmdaleyfis hjá [ráðherra],¹⁾ sbr. 16. gr. Í þjónustuíbúð fyrir aldrið skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Um greiðslu fyrir veitta þjónustu fer skv. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.